

# Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar

## Skólaakstur:


Bílstjóri tekur ávallt ákvörðun þegar skólaakstur er felldur niður en það er alltaf gert í samráði við skólastjórnendur. Sími skólastjóra er **866-4085** og hjá aðstoðar-skólastjóra er símanúmerið **862-3839**.

Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu skólaaksturs liggi fyrir kl. 7.00 á morgnana. Ef veður eða veðurútlit er slæmt kanna skólastjórnendur stöðuna með því að hringja í Jón Þór Brynjarsson Hjalteyri í síma **860- 6846 / 462-5704**.

## Ef skólahaldi er aflýst fer eftirfarandi ferill í gang

### Upplýsingagjöf:

1. Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á heimasíðu skólans <http://thelamork.is>. Þetta gerir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri.
2. Sendur er tölvupóstur á Ríkisútvarpið ( [ruv.is](http://ruv.is)) og Bylgjuna ([bylgjan.is](http://bylgjan.is)). Þetta gerir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri.



Skólahverfi þelamerkurskóla er mjög víðfermt og aðstæður misjafnar.

Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta það hvort barn eigi erindi í skólann. Foreldrar tilkynna skólanum um forföll vegna veðurs ef þeir treysta sér ekki til þess að senda barn í skólann vegna veðurs, færðar eða slæms veðurútlits.

## Ef senda þarf nemendur heim á skólatíma

Ef upp koma þær aðstæður að senda þarf nemendur heim á skólatíma fer eftirfarandi ferill í gang.

1. Frétt um að skólahaldi sé frestað er sett á **vef skólans**.
2. Skólastjórnendur **skipuleggja úthringingu** til foreldra. Miðað er við að það sé haft samband við foreldra/forráðamenn nemenda í 1. . 6. bekk. Miðað er við að eldri nemendur geta fengið að hringja heim.

